

Nd.

## 210. Nefndarálit

um frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá minni hlnta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv. þetta. Tveir nefndarmenn (HJ og HStef) vilja afgreiða það á þessu þingi, en með nokkrum breytingum, tveir nefndarmanna (ÓTh og SE) telja, að leita þurfi um það álits tryggingardeilda (sveitar- og bæjarstjórna) áður en það fái fullnaðarsamþykkt á Alþingi, en fimmti maðurinn (HV) var ekki á fundi, er málið var afgreitt, og hefir ekki tekið afstöðu til frv.

Við 1. nmr. málsins kom fram sama álit um óuppfyllt skilyrði fyrir því, að málið gæti fengið endanlega afgreiðslu á þessu þingi, eins og andmælendur frv. bera fyrir sig, auk ýmsra athugasemda, er þó snertu ekki ákvæði frv. eins og það liggur fyrir, heldur hin gildandi lög, og þó mestpart reglugerðarákvæði ýms.

Andstæðingar um afgreiðslu málsins á þessu þingi bera fyrir sig 25. gr. laga Brunabótafélagsins, er svo hljóðar:

»Þegar félagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meiru en 75000 kr., skal stjórnarráðið semja frv. til laga um *breyting á stjórn þess* í þá átt, að skipað sé fulltrúaráð til þess að gæta hags sveitarfélaganna og váttryggjenda. Þegar fengnar eru nmsagnir hlntaðeigandi sveitarstjórna, skal frnmvarpið lagt fyrir Alþingi«.

Eins og sjá má, ef grein þessi er kröfn til mergjar, felst ekkert í ákvæðnum hennar, er gefi þá ástæðu til andstöðu gegn frv., sem andmælin er byggð á. Ákvæði greinarinnar taka eingöngu til *breytinga á stjórn félagsins, en í frv. er ekki lagt til, að nokkar breyting sé gerð á stjórn þess.*

Hinsvegar er það svo, að alla tíð síðan 1918, eða í tólf ár, hafa árlegiðgjöld numið meirn en 75000 kr., og hefir engri þeirri stjórn, sem setið hefir síðan, þótt ástæða til þessara breytinga á stjórn félagsins.

Þar sem nú tillögn frv. ganga í þá átt að leysa tryggingardeildir félagsins frá því ákvæði um fyrirkomlag trygginganna, ábyrgðarhlntdeildinni, sem varhngaverðast er fyrir þær, og ráðgerir að öðru leyti breyt., sem eingöngu er til hagsmuna fyrir váttryggjendur, þá er ennþá minni ástæða til að reisa þessa kröfn nú, ef frv. nær fram að ganga.

Þyki þinginn samt sem áður ástæða til þess nú að gangast eftir því við ríkisstjórnina, að þetta sé gert, þá er *jafnopin* leið til þess, þótt frv. verði samþykkt nú.

Það, sem hinsvegar mælir með því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, er þær ástæður, sem hér skln stuttlega taldar:

1. Að aðkallandi þörf er á breytingu á reglugerð og flokkunarregnum bæði Brunabótafélagsins og einkum sveitarsjóðanna. Má um það m. a. vísa til þál., sem samþ. var á Alþingi 1928, og nmræðna um hana.

2. Að núgildandi lög standa í vegi fyrir því, að hægt sé að gera breyt-

ingar á samningum nm endurtryggingu fyrir Brnnabótafélagið til hagsmuna fyrir félagið og til þjóðhagslegra nmbóta.

3. Að breytingar frv. lúta að því, að hægt sé að halda sem mestu af fé því, sem safnast saman fyrir bruuatryggingar, i landinn. Og loks

4. Að breytingar frv. lúta að því, að hægt sé að færa út svið hinuar innlendu tryggingarstarfsemi, en þrengja svið erlendrar tryggingarstarfsemi hér á landi að sama skapi.

Sumt af þessu þolir enga bið (1. atr.), en stórtjón nm annað, að það dragist að hrinda því til vegar.

Minni hluti nefndarinnar leggur því til, eins og fyrr segir, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

I. Upphaf 7. greinar orðist svo:

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar (co-assurance) hjá ...

II. Fyrri málslíður 10. gr. orðist svo:

Vátryggingar á lansafé og húseignum samkv. 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er i vátryggingarskirteini.

III. Við 14. gr.: Fyrir »15—20%« komi: 10—20%.

IV. 21. gr. orðist svo:

Félagið hefir nmbodsmenn i kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Í kauptúnum, sem ekki eru sérstakur hreppur, getur félagið einnig haft nmbodsmenn, en utan kaupstaða og kauptúna er hreppsnefndum skylt að annast nmbodsstörf fyrir félagið, hverri fyrir sinn hrepp, gegn tilsvareandi ómakslanum og nmbodsmenn félagsins hafa.

Alþingi, 1. marz 1930.

H. Stefánsson,  
form. og frsm.

Hannes Jónsson,  
fundaskrifari.